

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 26. september 2022 kl. 19.30, á Zoom.

Mættir: Aðalsteinn Símonarson BÍKR, Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Baldur Haraldsson BS og Tryggvi M Þórðarson KK.

1. Reglubreytingar fyrir 2023

Flokkar A og B – ákveðið að notast við sömu skilgreiningar og B13 og B14 samkvæmt reglum BTRDA Rally Series. Hámarks þvermál ops fyrir loft inná véla með forþjöppu verði 34 mm.

Rally reglur – grein 3.1.4 breytist til samræmis við það sem ákveðið var fyrir ári síðan, þ.e. að keppnishaldara verður ávallt skylt að gefa út leiðarbók.

Ákveðið að setja í keppnisgreinareglurnar hvernig farið skuli með ef tveir eða fleiri ökumenn eru jafnir í efsta sæti til Íslandsmeistara að loknu keppnistímabili. Notast verður við sömu útfærslu eins og gert er í Heimsmeistarakeppninni í rally (WRC).

2. Tilnefning til akstursíþróttafólks ársins

Ráðið þarf samkvæmt „Reglugerð um keppnisráð AKÍS“ að skila tillögu til stjórnar um aðila í kjör á akstursíþróttamanni og akstursíþróttakonu ársins.

Ákveðið að tilnefna Bergþóru Káradóttur og Gunnar Karl Jóhannesson.

Sigurður Arnar Pálsson sat hjá við tilnefningarnar.

3. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir.

Næsti fundur í vikunni fyrir formannafund, sem verður 5. nóvember n.k.

Fundi slitið kl. 20.59.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson